

Námskrá

Um námsleiðina:

Máttur kvenna er 12 vikna námsleið fyrir konur sem vilja öðlast þekkingu og færni í rekstri fyrirtækja. Námsleiðin samanstendur af fimm námskeiðum sem eru sampætt þannig að nemendur vinna að stóru verkefni jafnt og þétt yfir námstímann þar sem gerð er viðskiptaáætlun og unnið með áfram með hana í námskeiðum um stafræna markaðssetningu, framsækni og fjármálum fyrirtækja. Í lokin kynna allir verkefnið.

Aðgangskröfur:

Engar forkröfur eru gerðar varðandi fyrra nám

Fyrirkomulag:

Kennsla fer fram í fjarnámi og geta nemendur hlustað á fyrirlestra á netinu og unnið verkefnin þegar þeim hentar. Fyrirlestrar eru 4-5 í hverju námskeiði og eru birtir á kennsluvef skólans samkvæmt kennsluáætlun hvers námskeiðs. Þar að auki eru kennslustundir í staðlotum þar sem lögð verður áhersla á hópavinnu nemenda. Staðlotur eru tvívar á namstímanum og náminu lýkur svo með formlegri útskrift.

Námsmat:

Námsmat fer fram í hverju námskeiði fyrir sig. Kennrarar námskeiða veita upplýsingar um vægi námsþátta við upphaf námskeiðs. Áhersla er á verkefnamiðað námsmat.

Námskeið námsleiðar og umfang:

Námið veitir ekki einingar en umfang og markmið náms eru skilgreind með hliðsjón af framhaldsskólaeiningum. Markmið námskeiða samsvara hæfniþrepi 2 á íslenska hæfnirammanum. Umfang námsleiðar 195-270 klst, sem samsvarar um 11 framhaldsskólaeiningum. Nemendur geta búist við að verja um 13-20 klst á viku í námið fyrir utan fundi og staðlotur.

Námskeið námsleiðar eru eftirfarandi:

- Framsækni – örugg tjáning.
- Upplýsingatækni.
- Stofnun og rekstur fyrirtækja.
- Markaðssetning í stafrænum heimi.
- Fjármál og fjármögnun fyrirtækja.

Lýsingar á námskeiðum:

Framsækni – örugg tjáning

Námskeiðslýsing:

Hagnýtt námskeið um samskiptafærni og örugga tjáningu. Fjallað um það að koma sér / vörum / þjónustu / málefni á framfæri, að kynna sig af öryggi, standa með sér og ná árangri með góðum samskiptum.

Unnið mikið í hópastarfi og verkefnavinnum á vinnuhelgum.

Námsmarkmið:

Markmið námskeiðsins er að konur finni mátt sinn og öryggi, nái markmiðum sínum, kunni á samskipti við fjölmíðla og njóti sín almennt í samskiptum.

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Hafa öðlast mikið öryggi, þekkja styrkleika sína og standa betur með sér.
- Hafa stækkað tengslanet sitt.
- Geta notið sín á mannamótum, fundum og geta kynnt vörum / þjónustu af öryggi í rafheimum, raunheimum og í fjölmíðlum.

Lesefni:

Bókin *Örugg tjáning – betri samskipti* eftir Sirry Arnardóttur. Útg. Veröld 2013. (Líka til sem hljóðbók).

Einnig er gott að fylgjast með fjölmíðlum líðandi stundar.

Fyrirkomulag kennslu og umfang:

Námskeiðið er kennt allan námstímann. Kennsla er á upphafsfundi, reglulegum Teams fundum, vinnuhelgum og á stefnumótum við frumkvöðlakonur í Sjávarklasanum við lok námstímans. Nemendur nálgast upplýsingar um námsefni, verkefni og fyrirlestra á kennsluvef skólans.

Gert er ráð fyrir að vinna nemenda við námskeiðið sé um 55-70 klst, sem samsvarar 3 framhaldsskólaeiningum. Nemendur hafa greiðan aðgang að kennara allan tímann. sirry@sirry.is og s: 897-8858

Verkefni og námsmat:

Verkefni eru hóp- og einstaklingsverkefni sem fara mest fram á Vinnuhelgum.

Námsmat byggir á þátttöku. En hver og einn velur fyrir sig, val á verkefnum en ekki skylda. Ekki próf heldur eru nemendur hvattir til að vera virkir þátttakendur í námskeiðinu.

Tungumál kennslu:

Íslenska

Upplýsingatækni

Námskeiðslýsing:

Viðfangsefni námskeiðs eru grunnforritin í Microsoft Office, Word, Excel og PowerPoint

Kynnt verða grunnatriði í Excel og helstu aðgerðir. Þá verður kynnt fagleg uppsetning skjala í Word, útlitsmótun og uppsetning, einnig kynntar ýmsar vinnusparandi aðferðir. Útlitsmótun og uppsetning. Nemendur gera stutta kynningu í PowerPoint.

Námsmarkmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Tileinki sér sjálfstæði í tölvunotkun og geti bjargað sér við margvíslegar aðstæður
- Hafa öðlast skilning á eðli töflureiknis
- Þekkja helstu grunnaðgerðir töflureiknis
- Geta sett upp og útlitsmótað skjal í Word
- Geti sett upp kynningu í PowerPoint

Lesefni:

Verður kynnt af kennara

Fyrirkomulag kennslu og umfang:

Kennsla fer fram í fjarnámi og með vinnufundi. Nemendur nálgast upplýsingar um námsefni, verkefni og leiðbeiningar á kennsluvef skólans. Fyrirlestrar og leiðbeiningar eru um 80 mín. samtals á viku..

Gert er ráð fyrir að vinna nemenda við námskeiðið sé um 35-50 klst, sem samsvarar 2 framhaldsskólaeiningum.

Verkefni og námsmat:

Verða útskýrð af kennara í upphafi námskeiðsins

Tungumál kennslu:

Íslenska

Stofnun og rekstur fyrirtækja

Námskeiðslýsing:

Í þessu námskeiði er farið yfir grundvallaratriði og hugtök í tengslum við stofnun félaga. Farið er yfir félagaform í íslensku atvinnulífi og áhersla lögð á þau sem algengust eru í rekstri. Einnig verður farið yfir stofnun mismunandi félagaforma, fjárhagslegan grundvöll þeirra, stjórnkerfi, lagaumhverfi sem þau búa við auk ábyrgða félagsins, stjórnenda þess og eigenda.

Farið verður yfir markaðsgreiningu tækifæra og hvernig viðskipta- og markaðsáætlunar eru byggðar upp. Fjallað verður um það ferli þegar viðskiptahugmynd fer á markað, varan / þjónustan er skoðuð og einnig viðskiptavinir / markhópar. Fjallað er um hvernig markaðs- og samkeppnisgreining er gerð og lögð drög að markaðs- og söluáætlun m.t.t. verðlagningar, dreifingar og kynningarmála.

Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þessara þátta í stofnun og rekstri fyrirtækis.

Námsmarkmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Pekkja að greina tækifæri á markaði
- Pekkja fjármögnunarferlii rekstrar
- Pekkja heltu atriði varðandi stofnun félaga.
- Kannast við grunnatriði laga um ólík félagaform
- Gera sér grein fyrir ólíkum ábyrgð eigenda og stjórnenda

Lesefni:

Verður kynnt af kennurum

Fyrirkomulag kennslu og umfang:

Kennsla fer fram í fjarnámi og með vinnufundi. Nemendur nálgast upplýsingar um námsefni, verkefni og fyrirlestra á kennsluvef skólans. Fyrirlestrar eru um 40 mín, að meðaltali 2 fyrirlestir á viku.

Gert er ráð fyrir að vinna nemenda við námskeiðið sé um 35-50 klst, sem samsvarar 2 framhaldsskólaeinum.

Verkefni og námsmat:

Verða útskýrð af kennara í upphafi námskeiðsins

Tungumál kennslu:

Íslenska

Markaðssetning í stafrænum heimi

Námskeiðslýsing:

Námskeiðið fjallar um helstu þætti sem snúa að markaðsmálum í heimi samfélagsmiðla og horft verður til þátta eins og greiningar markhópa, stjórnun herferða, miðlaval og gagnadrifinnar ákvarðanatöku í því starfi. Fyrirtæki og stofnanir nýta sér samfélagsmiðla í miklu mæli í markaðsstarfi, en þó með mis áhrifamiklum hætti. Fólk sem stýrir markaðsmálum fyrirtækja og stofnana þarf að kunna að feta sig í heimi samfélagsmiðla og velja miðla sem henta þeirra starfsemi og markmiðum.

Námsmarkmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Geta greint markhópa sína
- Útbúið herferðir í auglýsingakerfi Facebook og Instagram
- Greint árangur herferðanna
- Greint hegðun á vefsíðum/forritum sínum með Google Analytics
- Áttað sig á hinum ólíku samfélagsmiðlum þarna úti og styrkleikum hvers og eins
- Vera kunnug/ur því sem fer fram í auglýsingakerfi Google

Lesefni:

Ekkert formlegt lesefni verður kynnt heldur stuðst að lang mestu leiti við fyrirlestra kennara. Ítarefni fyrir þá sem vilja dýpri skilning en okkur gefst tími fyrir verður kynnt á meðan námskeiði stendur.

Fyrirkomulag kennslu og umfang:

Kennsla fer fram í fjarnámi og með vinnufundi. Nemendur nálgast upplýsingar um námsefni, verkefni og fyrirlestra á kennsluvef skólans. Fyrirlestrar eru um 40 mín, að meðaltali 2 fyrirlestar á viku.

Gert er ráð fyrir að vinna nemenda við námskeiðið sé um 35-50 klst, sem samsvarar 2 framhaldsskólaeiningum.

Verkefni og námsmat:

Verða útskýrð af kennara í upphafi námskeiðsins

Tungumál kennslu:

Íslenska



Fjármál og fjármögnun fyrirtækja

Námskeiðslýsing:

Farið er yfir grunnatriði fjárhagsbókhalds, reikningsskila og innihald ársreiknings. Hvað fellst í rekstrarrekningi, efnahagsrekningi og sjóðstreymi? Helstu hugtök og kennitölur úr ársreikningi kynnt. Grunnur að gerð fjárhagsáætlana bæði hvað varðar rekstur og fjárfestingu fyrirtækis. Útskýrt hvað liggur til grundvallar við mat á arðsemi. Leiðir varðandi stuðning við þróun viðskiptahugmynda skoðaðir. Farið yfir grunnþætti í fjármögnun atvinnurekstrar. Eigin fjármögnun og kostir þegar sækja á lánsfjármagn á Íslandi.

Námsmarkmið:

Eftir námskeiðið eiga nemendur að:

- Kunna skil á fjárhagsyfirlitum um rekstur, efnahag og sjóðsstreymi
- Geta stillt upp einföldum fjárhagsáætlunum
- Geta gert grein fyrir möguleikum til fjármögnum atvinnureksturs á Íslandi

Lesefni:

Verður kynnt af kennara

Fyrirkomulag kennslu og umfang:

Kennsla fer fram í fjarnámi og með vinnufundi. Nemendur nálgast upplýsingar um námsefni, verkefni og fyrirlestra á kennsluvef skólans. Fyrirlestrar eru um 40 mín, að meðaltali 2 fyrirlestir á viku.

Gert er ráð fyrir að vinna nemenda við námskeiðið sé um 35-50 klst, sem samsvarar 2 framhaldsskólaeiningum.

Verkefni og namsmat:

Verða útskýrð af kennara í upphafi námskeiðsins

Tungumál kennslu:

Íslenska